

Viðauki 3

Viðmið um mat á framkvæmd vaxtarsamnings

Lagt er til að verkefnisstjórn taki mið af neðangreindum þáttum við mat umsókna til vaxtarsamnings. Hvert verkefni verður metið út frá viðmiðunum eins og kostur er í hverju tilfalli. Árangur sérhvers verkefnis sem vaxtarsamningur hefur stutt verður metinn og mun matið framkvæmt með tilliti til framvindu samkvæmt upphaflegri verkáætlun og væntum árangri.

1. Viðmið við mat á verkefnaumsóknum

Fjöldi fyrirtækja í verkefnaumsókn

Uppfyllir umsókn kröfu um lágmarksfjölda virkra þáttökufyrirtækja?

Aðkoma háskóla og/eða rannsóknastofnana?

Er gert ráð fyrir þáttöku háskóla og/ eða rannsóknastofnana í rannsóknar- og þróunarstarfi?

Markmið og væntur árangur

Eru markmið verkefnis skýr? Er ljóst hverju verkefnið á að skila?

Samanburður við meginmarkmið vaxtarsamnings

Falla markmið verkefnis að markmiðum vaxtarsamnings skv. 2.gr. og svæðisbundnum áherslum?

Sjálfbærni samstarfs

Er um langtímasjónarmið í samstarfi að ræða? Er líklegt að samstarf haldi áfram eftir að fjármögnun vaxtarsamnings til verkefnis lýkur?

Vaxtarmöguleikar

Eru viðskiptalegar forsendur fyrir framhaldslífi verkefnis? Eru vaxtarmöguleikar til staðar?

Nýsköpunargildi

Hvert er nýnæmisgildi verkefnis fyrir fyrirtæki og/eða atvinnusvæði?

Fjármögnun

Hvert er hlutfall fjármögnunar vaxtarsamnings af heildarkostnaði verkefnis?

Framlag umsækjenda

Hvernig skiptist mótframlag umsækjenda milli fjármagns og vinnuframlags?

Verk-, tíma- og kostnaðaráætlun

Er áætlun raunhæf? Er verkefnið skýrt afmarkað svo sem verkþættir og vinnuferlar?

Verkefnaskipulag og framlög umsækjenda

Er verkaskipting og aðkoma/framlag þáttökufyrirtækja skýr í verkefni? Er ljóst hver ber ábyrgð á framkvæmd verkefnis?

Mikilvægi samstarfs

Er mikilvægi samstarfs ljóst í verkefnaumsókn?

Þarfir fyrirtækja, sameiginleg markmið og hagsmunir

Er horft til hagsmuna og þarfa fyrirtækja í verkefnaumsókn? Hverjir eru sameiginlegir hagsmunir þátttakenda?

2. Árangursmat að loknu verkefni

Árangur samkvæmt verkáætlun

Náðist tilætlaður árangur sem stefnt var að í upphafi?

Viðhorfskönnun

Kannað verði hjá þátttakendum verkefnis viðhorf til verkefnis og ávinning